

Nr. 004 / 10 Hringur SH 153***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2685
Smíðaður: Skotlandi 1997, stál
Stærð: 271,61 brl. 481,27 bt.
Mesta lengd: 28,99 m Skráð lengd: 25 m
Breidd: 9,3 m Dýpt: 7,5 m
Vél: M.A.K 745 kW, 1997
Fjöldi skipverja: 9



Hringur©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrslur

Málið afgreitt á fundi 15. febrúar 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 20. nóvember 2009 var Hringur SH 153 á togveiðum á Flákanum. Veður: ASA 3 m/s. og lítill sjór.

Skipverji (netamaður) var að skera undirvængsbekkinn frá undirbyrðinu þar sem hann hafði rifnað í fyrsta holinu og skipta átti um hann. Við þetta skar skipverjinn sig nokkuð illa í vísifingur vinstri handar og var ákveðið að sigla með hann til hafnar í Grundarfirði. Hann varð óvinnufær um tíma.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var mjög vanur þessum störfum.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.